

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2016 í máli nr. S-72/2016:

Ákærvaldið

(Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ólafi Inga Gunnarssyni og

(Steinbergur Finnbogason hdl.)

Jóel Maron Hannessyni

(Bjarni Hauksson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 5. febrúar síðastliðinn, á hendur Ólafi Inga Gunnarssyni, Hafnarfirði og Jóel Maron Hannessyni, Garðabæ, „fyrir rán, með því að hafa í félagi, miðvikudaginn 30. desember 2015, farið inn Landsbankann við Borgartún 33 í Reykjavík, ákærði Ólafur klæddur svartri hettupeysu, með andlitið hulið og vopnaður eftirlíkingu af skammbyssu og ákærði Jóel í hettupeysu, með andlitið hulið og vopnaður hníf, stökkið yfir afgreiðsluborð þar sem voru fyrir 5 starfsmenn bankans og ákærði Ólafur ógnaði gjaldkera bankans Z með byssunni m.a. með því að halda byssunni upp við höfuð Z meðan hann skipaði henni að opna 3 sjóðsvélar bankans sem ákærði Ólafur tók síðan fjármuni úr, á meðan tók ákærði Jóel peninga sem voru á afgreiðsluborði og setti í poka sem hann hafði meðferðis og ógnaði starfsfólki og viðskiptavinum bankans með hníf sem hann hélt á lofti. Ákærðu höfðu 558.000 íslenskar krónur, 1.080 evrur, 10.000 japönsk jen, 500 danskar krónur og 20 pund á brott með sér af vettvangi.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærðu hafa fyrir dómi skýlaust játað að hafa framið brot það sem þeim er gefið að sök í ákærunni og er játning þeirra studd sakargögnum. Það eru því efni til að leggja dóm á málið samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verða ákærðu sakfelldir fyrir brotið sem er réttilega fært til refsíákvæðis í ákærunni.

Við þingfestingu tóku ákærðu sér frest til að kynna sér gögn málsins og ákveða afstöðu sína til ákærunnar. Í þinghaldi 10. febrúar játuðu þeir sök og ekki kom fram ósk um að aðalmeðferð færi fram.

Meðal rannsóknargagna er myndbandsupptaka úr afgangslusal bankans sem tekin er af ákærðu fremja ránið. Á henni sést hvernig ákærðu koma hlaupandi inn í bankann klæddir eins og í ákæru greinir. Annar þeirra heldur á byssu en hinn á hníf. Þeir stökkva yfir afgangsluborðið og taka þegar til við að leita að peningum. Ákærði Ólafur Ingi, sem var með byssuna, sækir bankastarfsmann og ógnar henni með byssunni og ber hana upp að höfði hennar eins og lýst er í ákæru. Á sama hátt sést ákærði Jól Maron ógna starfsfólki og viðskiptavinum með hníf eins og lýst er í ákæru. Til undirbúnings ráninu höfðu ákærðu tekið sendibifreið ófrjálsri hendi og komu á henni að bankanum. Þeir skildu bifreiðina eftir í gangi og óku á brott eftir ránið. Þeir földu síðar ránsfenginn og reyndu á annan hátt að dylja slóð sína.

Lögreglan hóf þegar umfangsmikla eftirgrennslan og var myndum af ræningjunum dreift. Ábendingar bárust um að ákærðu kynnu að hafa verið að verki. Þeir gáfu sig svo fram við lögreglu að tilstuðlan aðstandenda sinna um miðnætti sama dag og ránið var framið. Þá vísuðu þeir á ránsfenginn sem komst til skila.

Ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir rán þar sem þeir notuðu vopn til að ógna fólki. Byssan reyndist síðar vera eftirlíking og haft er eftir starfsmanni bankans, sem í ákæru getur, að hún hafi gert sér grein fyrir að svo var. Hins vegar er til þess að líta að margir aðrir voru í bankanum þegar ránið var framið, bæði starfsfólk og viðskiptavinir. Þeir gátu ekki vitað hvort byssan væri raunveruleg eða ekki. Samkvæmt rannsóknargögnum er byssan 18 cm á lengd og 13 cm há. Við fyrstu sýn á mynd virðist hún vera raunveruleg. Þá er hnífurinn úr stáli, 27 cm langur, þar af er blaðið 15 cm. Aftari hluti bakkans er tenntur.

Ákærði Ólafur Ingi var dæmdur í 30 daga fangelsi 21. janúar síðastliðinn fyrir umferðarlagabrot og verður honum því nú dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Jól Maron hefur ekki áður verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að ákærðu frömdu vopnað rán á óvenju grófan hátt. Í bankanum var nokkur fjöldi fólks, bæði starfsmenn og viðskiptavinir. Ráða má af myndbandsupptöku að þeir gengu óhikað og skipulega til verks og tók ránið stuttan tíma. Ákærðu til málsbóta er að þeir gáfu sig fram eins og lýst var og vísuðu á ránsfenginn. Þá játuðu þeir sök fyrir dómi. Þeir eru ungir að árum og ákærði Jól Maron er með hreint sakavottorð. Samkvæmt þessu öllu þykir mega ákveða refsingu þeirra, hvors um sig, 3 ára fangelsi. Til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist þeirra eins og í dómsorði segir. Ákærðu verða dæmdir til að greiða sakarkostnað óskipt eins og í dómsorði greinir. Enn fremur skulu þeir greiða málsvarnarlaun verjanda sinna sem ákvörðuð eru með virðisaukaskatti í dómsorði, svo og annan kostnað eins og þar greinir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ólafur Ingi Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 ár en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist frá 31. desember 2015.

Ákærði, Jóel Maron Hannesson, sæti fangelsi í 3 ár en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist frá 31. desember 2015.

Ákærðu greiði óskipt 40.000 krónur í sakarkostnað.

Ákærði Ólafur Ingi greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar hdl., 818.400 krónur og 13.920 krónur í aksturskostnað.

Ákærði Jóel Maron greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 818.400 krónur og 13.920 krónur í aksturskostnað.

Arngrímur Ísberg